

Nd.

191. Nefndarálit

[33. mál]

við frv. til l. um samræmda vinnslu sjávaraflla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þau rök hafa m. a. verið færð fram fyrir þessu frv., að nauðsynlegt sé, að unnt verði að koma við nauðsynlegri verndun á stofnum rækju og skelfisks til þess að komið verði í veg fyrir ofveiði. Sjávarútvegsráðuneytið hefur nú þegar slíkar heimildir skv. lögum, því að veiðar á þessum afurðum eru háðar sérstökum leyfum ráðuneytisins og eru nú þegar í gildi ákveðnar reglur til takmörkunar bæði á afla og sókn. Þurfi frekari takmörkunar við hefur sjávarútvegsráðuneytið nú þegar lögum samkvæmt alla möguleika til þess að koma slíkum takmörkunum við og eykur frv. þetta á engan hátt möguleikana til þess að sporna við hugsanlegri ofveiði á rækju og skelfiski.

Tilgangur frv. er fyrst og fremst sá að samræma veiðiheimildirnar og vinnslu afurðanna í landi. Hér er ekki um verndunarsjónarmið að ræða hvað varðar veiðar á rækju og skelfiski, heldur skipulagningu á vinnslu aflans með það fyrir augum að fjárfestingin í rækju- og skelfiskvinnslustöðvum verði sem hagkvæmust, bæði hvað arðsemissjónarmið varðar og út frá sjónarmiði þeirra byggðarlaga, þar sem vinnsla á rækju- og skelfiski er mikilvægur þáttur í atvinnulífi.

Minni hl. sjútvn. Nd. telur eðlilegt, að skipulega verði unnið að fjárfestingu í rækju- og skelfiskvinnslustöðvum með almennum reglum, er þó tryggi jafnræði hagsmunaaðila innbyrðis. Minni hl. n. telur hins vegar, að frv., eins og það er, tryggi ekki eðlilega framkvæmd slíkrar skipulagningar, og bendir m. a. á í því sambandi, að mjög varasamt er, að sjávarútvegsráðuneytið fái heimild eins og þá, sem um getur í 1. gr. frv., að geta ákveðið hvernig afla skuli skipt milli vinnslustöðva. Þá heimild gæti sjávarútvegsráðuneytið hugsanlega túlkað á þann veg, að það hefði rétt til þess að segja fyrir um, til hvaða vinnslustöðvar innan hvers vinnslusvæðis þessi eða hinn báturinn ætti að selja afla sinn, en minni hl. nefndarinnar telur með öllu fráleitt að sjávarútvegsráðuneytið fái slíka heimild skv. 1. gr. frv.

Þá telur minni hl. nefndarinnar það einnig vera óeðlilegt og óæskilegt, sem fram kemur í 2. gr. frv., að sjávarútvegsráðuneytið geti upp á eindæmi synjað eða heimilað byggingu nýrra vinnslustöðva eða aukningu á afkastagetu þeirra, sem fyrir eru, án þess að byggja í því efni á umsögnum aðila, svo sem opinberra fjárfestingarlánasjóða, sem meta eiga hagkvæmni og arðsemi slíkra framkvæmda, Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fylgjast á með veiðum á svæðunum, svo og hagsmunaaðila í sjávarútvegi, svo sem Fiskifélags Íslands og LÍÚ. Vísar minni hl. n. sérstaklega til umsagna þriggja þessara aðila, sem ýmist hafa óskað eftir því, að sá háttur verði upp tekinn, eða lagt til, að frumvarpið í núverandi mynd þess sé fellt. Enginn umsagnaraðila hefur mælt með samþykkt frv. eins og það er, og segir það sína sögu um afstöðu þeirra, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Minni hl. n. telur enda, að frv. þetta muni alls ekki ná tilgangi sínum verði það samþykkt óbreytt, þar eð afkoma vinnslustöðva fyrir rækju og skelfisk byggist á nákvæmlega sömu forsendum og afkoma annarra vinnslustöðva í sjávarútvegi — þ. e. a. s. á aflabrógðum, hagkvæmni í rekstri hvers fyrirtækis og markaðsástandi erlendis.

Í samræmi við framangreint álit minni hl. sjútvn. Nd. flytur hann breytingartilögur við frv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. des. 1974.

Sighvatur Björgvinsson.